

## Verklagsreglur og ferlar fyrir fóstrakerfi vettvangseftirlits

### 1. Markmið

Markmið fóstrakerfisins er að stuðla að áframhaldandi þróun þekkingar og hæfni hjá nýju og reyndara starfsfólki Matvælastofnunar með aukinni miðlun þekkingar. Kerfinu er ætlað að auðvelda nýliðum að aðlagast starfinu, draga úr þekkingartapi vegna starfsmannaveltu, styrkja samstarf milli umdæma og stuðla að frekari stöðlun eftirlits.

### 2. Hlutverk fóstra

Fóstrar eru reyndir eftirlitsstarfsmenn á eftirlitssvæðum sem taka að sér að leiðbeina nýju starfsfólki. Hlutverk þeirra er að:

- Taka á móti nýliðum frá öðrum eftirlitssvæðum.
- Kynna þeim eftirlitsstörf og verklag og sinna þjálfun í samræmi við þjálfunaráætlun MAST (LBE-198).
- Kenna verkferla og viðmið tengd eftirliti.
- Svvara spurningum og veita faglega leiðsögn.

### 3. Skipulag heimsóknna

- Nýir starfsmenn hafa möguleika á að heimsækja annað eftirlitssvæði á fyrstu sex mánuðum í starfi.
- Heimsóknir skulu vera skipulagðar þannig að þær fari fram yfir 1-2 daga, nema annað sé ákveðið.
- Eldra starfsfólk getur einnig sótt heimsóknir til annarra umdæma til að auka þekkingu sína eða læra af sérfræðingum í tilteknum þáttum.
- Eftir heimsókn skal gerð skýrsla þar sem lærdómi ferðarinnar er gerð skil og hugmyndir til umbóta útlistaðar. Skýrslunni skal dreifa meðal starfsfólks vettvangseftirlits.

### 4. Skilyrði fyrir þátttöku

- Nýtt starfsfólk skal taka þátt í kerfinu innan árs frá ráðningu.
- Reyndir starfsmenn skulu hafa minnst 2 ára reynslu á sínu sviði til að verða fóstrar.
- Héraðsdýralæknir viðkomandi umdæmis samþykkir allar heimsóknir og skipuleggur þær í samráði við nýliðann og fóstrann.

### 5. Gagnkvæmur ávinningur

- Fóstrakerfið byggist á gagnkvæmum ávinningi fyrir bæði nýliða og reyndara starfsfólk. Reyndir starfsmenn fá tækifæri til að miðla sinni reynslu og þekkingu, meðan nýliðar fá dýrmæta þjálfun á vettvangi.
- Starfsmenn sem heimsækja önnur umdæmi öðlast dýpri þekkingu á verklagi, miðla niðurstöðum meðal samstarfsfólks eins og við á og þannig er byggt enn frekar undir samræmt eftirlit.

## 6. Kostnaður og skipulag

- Ferðakostnaður vegna heimsóknna er greiddur af Matvælastofnun.
- Heimsóknir skulu skipulagðar með tilliti til álags og verkefnastöðu á hverju eftirlitssvæði.
- Sviðsstjóri vettvangseftirlits ber ábyrgð á að fylgjast með virkni fóstrakerfisins og endurskoðar það reglubundið til að tryggja gæði og ávinning.

### Kostir fóstrakerfis

1. **Þekkingarmiðlun:** Nýliðar fá tækifæri til að læra beint af reyndari starfsfólki og öðlast þannig dýpri skilning á verkefnum starfsins á skemmri tíma en ella.
2. **Minna þekkingartap:** Draga má úr hættu á að mikilvæg þekking fari forgörðum þegar reyndir starfsmenn hætta, þar sem henni er miðlað áfram í gegnum heimsóknir og leiðsögn.
3. **Samræming:** Mikilvægt er að eftirlit sé samræmt milli umdæma og að eftirlitsþegar geti gengið að því vísu að vinnubrögð og afgreiðsla stofnunarinnar sé sambærileg milli umdæma. Fóstrakerfi ýtir undir samræmingu með aukinni þekkingarmiðlun á milli svæða.
4. **Bætt samskipti milli svæða:** Heimsóknir stuðla að auknum og betri samskiptum starfsfólks á milli umdæma, sem getur aukið samvinnu og samheldni.
5. **Breytt sjónarhorn:** Starfsmenn geta öðlast nýja sýn á verklag og verkferla með því að kynnast hvernig sum verkefni eru leyst í öðrum umdæmum, sem getur leitt af sér nýtt og/eða bætt verklag.
6. **Starfsþróun:** Reyndir starfsmenn fá tækifæri til að styrkja leiðtogaþæfni sína með því að kenna öðrum og nýir starfsmenn fá faglega þróun og stuðning á meðan þeir aðlagast starfinu.
7. **Afeinangrun:** Starfsfólk er sumt hvert landfræðilega einangrað enda fjarlægðirnar víða miklar á milli starfstöðva. Fóstrakerfið minnkar líkur á að starfsfólk í þessari stöðu upplifi sig afskipt og brýtur einangrun að hluta.

### Gallar fóstrakerfis

1. **Aukið vinnuálag:** Fóstrar geta orðið fyrir auknu vinnuálagi vegna leiðsagnar og kennslu nýliða, sem gæti haft áhrif á þeirra daglegu störf.
2. **Ferðakostnaður og tími:** Heimsóknir milli umdæma krefjast fjárfestingar í tíma og fjármunum sem gæti verið íþyngjandi, sérstaklega ef mikið álag er fyrir í umdæmum.
3. **Ósamhverfar aðstæður:** Mismunandi aðstæður milli eftirlitssvæða, t.d. ólík stærð búa og tegundir búfjár, vegalengdir ólíkir álagspunktur innan árs o.s.frv., geta gert miðlun þekkingar ósamhverfa og ekki alltaf fullkomlega yfirferanlega.
4. **Möguleg truflun á eftirliti:** Starfsmenn sem taka við nýliðum eða heimsækja önnur svæði geta þurft að forgangsraða á annan hátt sem getur riðlað reglubundnu eftirliti.